

## 4. gr.

Skólastjóri Kennaraskólans hefir stjórn sjóðs þessa á hendi og veitir styrk úr honum. Hann gefur árlega kenslumálaráðuneytinu skýrslu um hann, enda skal sjóðurinn vera undir yfirumsjón þess. Ársreikningur sjóðsins sje birtur árlega í skýrslum skólans.

70  
2. okt.

## 5. gr.

Stjórnandi sjúkrasjóðsins skal fá konunglega staðfestingu á skipulagsskrá þessari.

Kaupmannahöfn, 6. sept. 1928.

Reykjavík, 25. sept. 1928.

*Bogi Th. Melsteð.**Magnús Helgason.*

## AUGLÝSING

71  
10. okt.

um

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Flatey á Breiðafirði.

Samkvæmt lögum nr. 64. frá 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirfarandi

## HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir

Flatey á Breiðafirði.

## I. Almenn ákvæði.

## 1 gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Flatey á Breiðafirði.

## 2. gr.

Meðan hreppstjóri er ekki búsettur í Flatey, er hreppsnefndaroddviti formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni: einn maður er hreppsnefnd kýs til tveggja ára og annar er sýslunefnd tilnefnir til jafnlangs tíma. Skulu báðir þessir menn vera búsettir í Flatey.

**71** Formaður kveður til fundar, er honum þykir þurfa eða hinir 10. okt. nefndarmennirnir óska þess — eða hjeraðslæknir krefst þess.

Nefndin skal halda fundarbók og innfæra í hana allar athuganir sínar og tillögur.

Rísi ágreiningur milli nefndarmanna, er rjett að skjóta málinu undir úrskurð sýslumanns.

Andvirði bóka og ritfanga, svo og kostnað er hlýst af brjefaskriftum, skal greiða úr sveitarsjóði eftir reikningi.

Hjeraðslæknir á heimtingu á að sitja á nefndarfundum og skal formanni skylt að gera honum aðvart um fundarhöldin.

### 3. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni er heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er samþykktin ræðir um og þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almanna færi eða á eign einstakra manna eða fjelaga.

Alt það sem nefndin finnur aðfinsluvert skal inn færast í fundarbók og síðan skriflega skipa þeim, er í hlut á, hvað honum beri að gera til umbóta og sjá um, að það verði gert.

Skal það bókað í fundargerðabókina þegar þær umbætur hafa farið fram.

### 4. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót, sem hefir kostnað í för með sjer, og er þess eðlis, að ekki er unt að heimta af neinum sjerstökum lóða- eða húsráðanda að kosta hana eða framkvæma, þá skal nefndin leggja það mál fyrir hreppsnefnd og fara fram á að hún veiti fje úr hreppssjóði. Vilji hreppsnefnd ekki veita fjeð, er heilbrigðisnefndinni heimilt að skjóta málinu undir úrskurð sýslunefndar.

### 5. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, er býr í húsinu að vera húsráðandi, skal húsráðandi gegna öllum þeim skyldum, með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á eiganda. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd hver sje húsráðandi. Ef þessu er ekki fylgt hvílir ábyrgðin bæði á eiganda og leigjendum og getur nefndin haldið sig að hvorum, sem hún vill eða báðum.

## II. Um íbúðarhús.

### 6. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum, gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti

einn í hverju herbergi, nema önnur loftræsing sje viðhöfð. Trjególf 71  
skulu vera í öllum íbúðarherbergjum. 10. okt.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað af eiganda og leigjanda húss, að ræstuð sjeu herbergi, sjeu þau svo óhrein að íbúum geti stafað hætta af.

#### 7. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álítur hættulegt fyrir heilbrigði manna að búa í því, þá getur nefndin bannað að nota það til íbúðar eða einstök herbergi, nefndin skal þá tilkynna eiganda eða leigjanda hússins bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma svo nefndinni líki, þó er húseiganda frjálst innan 8 daga, að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslumanns, en hann leitar álits hjeraðslæknis og leggur úrskurð á málið svo fljótt, sem unt er.

#### 8. gr.

Kjallara má ekki nota til íbúðar nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

Nefndin getur bannað íbúð í kjöllumurum, ef þeir eru rakir, dimmir og þröngir.

### III. Um skóla.

#### 9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða skólahús eða kenslustofur eyjarinnar, hvort heldur eru opinber eða einstakra manna eign, að minsta kosti í byrjun skólaársins.

Hver sá, er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd eða skólanefnd hvar hann ætli að kenna.

#### 10. gr.

Hver kenslustofa skal vera svo stór að 80 rúmfet komi á hvert barn, að minsta kosti. Allir gluggar skulu vera á hjörum, gólf, borð og bekki skal þvo daglega, en ekki sópa.

#### 11. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður vör við að í skólanum sje einhver nemandi eða kennari, sem hefir næman sjúkdóm, þá skal hún tilkynna hjeraðslækni nöfn og heimilisfang þeirra, er sjúkir eru. Ef lækni þykir ástæða til má hann banna að nemandi eða kennari komi í skólann þar til sótthættu er lokið.

71  
10. okt.

IV. *Um fráræslu.*

12. gr.

Eldhússkólþ eða þvottaskólþ má ekki láta síga í jörð svo nálægt íbúðarhúsinu að hætta sje á að jarðvegurinn í kringum það saurgist, skal veita skólþi burt frá húsum í opnum eða lokuðum ræsum, svo langt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Öll skólþræsi, hvort heldur eru á almannaþæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn að hvergi standi í þeim pollar eða hætta sje á að þau stýflist svo út úr flói, og skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun af þeim.

Telji heilbrigðisnefnd nauðsynlegt að vatnsheldur botn sje gerður í ræsi, getur hún heimtað slíka aðgerð.

Undantekning frá ræsagerðinni má heilbrigðisnefnd gera, ef hlutaðeigendur heldur kjósa að bera skólþ svo langt burtu, að heilbrigðisnefnd telur hættulaust.

13. gr.

Ef ræsi er gert á opinberan kostnað skulu þeir, er hús eiga þar nærri, skyldir að gera skólþræsi hver frá sínu húsi út í aðalræsið ef heilbrigðisnefnd krefst þess, skulu þau ræsi eigi miður gerð en aðalræsið.

V. *Um vatnsból.*

14. gr.

Öll vatnsból, skulu varin hvers konar óhreinindum. Er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma, renslí úr skólþræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau fara eða nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull eða neitt það annað, er óhreinkar vatnið eða getur valdið óhollustu.

Bannað er að leggja húðir í bleyti nálægt vatnsbólum.

15. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að millibilið sje 12 metrar eða meira eftir því sem heilbrigðisnefnd ákveður

16. gr.

Neytslugvatnsbrunnar verða að vera steinlímdir, að minsta kosti ½ metra upp úr jörð og aveg vatnsheldir og lokaðir að ofan.

Til þess að taka vatn úr brunnum skal nota dælur, en ekki fötur eða ausur, sem sökt sje niður í vatnið.

Þar, sem strjálbygð er og engin óhreinindi í nánd, má heilbrigðisnefnd leyfa að brunnar sjeu opnir og vatn tekið úr þeim með ausum, en steinlímdir skulu þeir vera. 71 10. okt.

Að öðru leyti skal farið eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar með tilhögun brunna.

#### 17. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað, að taka vatn úr brunnum, um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilnæmt. Reynist vatnið að vera skaðvænlegt, og ekki hægt að fyrirbyggja að svo verði framvegis, skal heilbrigðisnefnd fyrirskipa að leggja brunninn niður. Nefndin getur enn fremur látið fylla brunninn upp ef henni sýnist þörf.

#### 18. gr.

Engin vatnsból mega vera nær kirkjugarði en 75 metra.

### VI. *Um peningshús, hauga og forir.*

#### 19. gr.

Búpening má ekki hafa í manna húsum.

#### 20. gr.

Vilji einhver reisa peningshús eða gera for, haugstæði eða haughús, skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en verkið er hafið. Skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir.

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbólum en er nemur 12 metrum.

Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 metrum.

For má ekki gera og haug ekki hafa nær íbúð eða alfaravegi en nemi 12 metrum, og ekki nær vatnsbólum eða brunnum en nemi 12 metrum.

Forarveggir skulu vera, að minsta kosti  $\frac{1}{4}$  m. yfir jörð, og skulu forir jafnan vera svo þjettar að ekki geti runnið úr þeim og svo vel frá gengið að ofan, að hvorki menn nje skepnur detti ofan í þær.

Þar sem íbúðarhús standa mjög þjett, getur heilbrigðisnefnd bannað forir, þótt lengra sje frá íbúðarhúsum en 12 metrar.

#### 21. gr.

Valdi peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en samþykkt þessi, miklum óþrifnaði má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar.

- 71 Hlutaðeigendur geta þá skotið fyrirmælum nefndarinnar undir  
10. okt. úrskurð sýslumanns, en hann leiti álits hjeraðslæknis, og leggi síðan úrskurð á málið.

### VII. Um salerni.

#### 22. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja sjerstakt salerni.

Gólf í salernum skal vera steinlímt eða úr hefluðum og plægðum gólfborðum og liggi gólfið hærra en jarðvegurinn í kring.

Hafa skal í salernum saurílát vel vatnsheld, er falli fast að setunni.

Hafa má salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef góður loft-  
súgur er í honum, og saurílátin tæmd daglega.

Yfir vatnsheldum forum má hafa salerni þannig að saurindi falli jafnóðum niður í þær, en loftræsing skal þá vera góð í salerninu.

#### 23. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hreint, og saurílát tæmd áður en fyllast.

Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir hvar láta megi saur úr salernum.

#### 24. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, er eldri eru en þessi samþykkt eða ef þau eru illa gerð og óprifaleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni samkvæmt 22. gr.

#### 25. gr.

Kaupmenn og aðrir vinnuveitendur skulu skyldir að reisa salerni til afnota fyrir viðskiftamenn sína og verkamenn og sjá um þrifnað á þeim undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

### VIII. Um sorp og önnur óhreinindi.

#### 26. gr.

Hverju íbúðarhúsi, sem ekki hefir safnþró, skal fylgja vatnsheldur sorpkassi og skal hann gerður að fyrirsögn heilbrigðisnefndar.

Í sorpkassa þessa skal safna öllu sorpi, ösku og rusli, er til fellur frá húsinu. Húsráðendur bera ábyrgð á að sorpinu sje safnað í kassana, og það flutt burt jafnóðum og þeir fyllast, á þann stað, er nefndin ákveður.

Sjerhver húsráðandi er skyldur að láta hreinsa af sinni lóð alt sörp, rusl og fiskúrgang. Ef misbrestur verður á því, getur heilbrigðisnefnd látið framkvæma það á kostnað þeirra er lóðarumráð hafa. **71** 10. okt.

Sje fyrirmælum heilbrigðisnefndar um sörpkassa ekki fylgt fyrir 1. jan. 1929, getur nefndin látið smíða kassana á kostnað hlutaðeigenda.

#### 27. gr.

Það er skylda sjómanna að varpa öllu slori og fiskúrgangi samdægurs í sjó, nema því sje safnað í gryfjur, að ráði heilbrigðisnefndar, og borið á tún eða hagnýtt á annan hátt, og sje það þá einnig gert samdægurs.

Fiskpalla, aðgerðarstaði og fjörur þar sem ekki nær sjór til næsta sjávarfall, skal hreinsa í hvert skifti eftir notkun.

Formenn og útgerðarmenn bera ábyrgð á að þessu ákvæði sje hlýtt.

#### 28. gr.

Hver sá iðnaður er óþrifnaður fylgir eða óhollusta, skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar, og fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

#### 29. gr.

Bannað er að bera saur, þvag, ösku eða önnur óhreinindi í svo nefndan Grýluvog.

### IX. Um slátrun.

#### 30. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa strangar gætur á, að viðhaft sje fullkomið hreinlæti og þrifnaður við slátrun á sauðfje og öðrum gripum, og líta eftir að nauðsynlegs þrifnaðar sje gætt á slátursvæðinu eða kringum það og skulu allir, sem við slátrun fást vera skyldir að hlýða fyrirmælum nefndarinnar í þessu efni, hvaðan að sem þeir kunna að vera.

Ávalt skal hafa á blóðvelli sjerstakt ílát fyrir sulli og skulu þeir brendir eða grafnir í jörð, ennfremur skal vera handbært ílát fyrir blóðlifrar og annan úrgang, er sjeu tæmd jafnótt og fyllast. Vatn til kjötpæklunar skal jafnan taka úr neytsluvatnsbrunni.

71  
10. okt.

X. *Um matvæli.*

31. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með því að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem skemd er eða skaðleg heilsu manna.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis að annara er vit hafa á, að einhver matvæli eru skemd eða svikin og ekki nýtileg til manneldis, skal þá lóga vörunni eða á einhvern hátt gera hana óskaðlega heilsu manna, á kostnað þess, er vöruna hefir á boðstólum.

XI. *Um næma sjúkdóma.*

32. gr.

Ef upp kemur hættuleg farsótt á svæði því, er samþykktin nær yfir, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja, um stundarsakir, strangari fyrirmæli, en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti, utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv., skulu fyrirmæli þau sett í samráði við hjeraðslækni.

XII. *Um sektir o. fl.*

33. gr.

Brot gegn samþykkt þessari og vanræksla á ákvæðum þeim, er heilbrigðisnefnd kann að setja samkvæmt henni, varðar alt að 200 kr. sektum, er renni í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, sem vanrækt hefir verið, er henni heimilt að láta vinna það á kostnað þess, sem vanrækt hefir, og má þá greiða kostnaðinn — til bráðabirgðar — úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. nóvember 1928.

Þetta er hjer með gert heyrum kunnugt.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. október 1928.*

Jónas Jónsson.

*St. Gunnlaugsson.*